



Alþingi
Erindi nr. P 139/215
komudagur 10.11.2010

Landsvirkjun

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 09.11.2010
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, þskj. 83 – 79. mál, löggjafarþingi 2010-2011**

Að beiðni iðnaðarnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, þskj. 83 - 79. mál. Frumvarp þetta er það sama og lagt var fram á síðasta löggjafarþingi 2009-2010, þskj. 744 - 427. mál.

Með erindi dagsettu þann 29. júní síðastliðinn gerði Landsvirkjun athugasemdir við frumvarpið. Landsvirkjun vísar því til fyrra erindis en helstu athugasemdir við frumvarpið voru eftirfarandi:

- Í frumvarpinu er hugtakinu mannvirki breytt og það gert mun víðtækara en í núgildandi lögum. Með breytingunni falla undir lögin margvísleg mannvirki og framkvæmdir Landsvirkjunar, svo sem vegir, brýr, vatnsveitur, fráveitumannvirki og fleira, sem hingað til hafa ekki verið talin falla undir lögin. Mikilvægt er að ekki skapist óvissa eða misræmi við önnur lög eða reglugerðir sem fjalla um þessi mannvirki, t.d. reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum, ýmsar reglugerðir um vatnsveitur, holræsi og fleira. Þá er og mikilvægt að ekki séu settar óþarfa kröfur um brunavarnir og brunahönnun, sbr. 23. og 24. gr. núgildandi laga, þeirra framkvæmda sem með breytingunni falla undir hugtakið mannvirki.
- Í lög er fest að „tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefnis eða daglegrar dvalar í fjóra mánuði eða lengur á sama stað“ (vinnubúðir) falla undir lög um brunavarnir. Þar er ekki um breytingu að ræða í framkvæmd frá því sem verið hefur en ákvæðið dregur úr réttaróvissu.

Landsvirkjun gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

Hörður Arnason
forstjóri